

**Nd.**

**212. Frumvarp**

til laga um breytingu á tollögum nr. 54, 11. júlí 1911.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Fyrri liður 8. greinar tollaga frá 11. júlí 1911 hljóði þannig:

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt eða veitt móttöku, eða gefið ranga yfirlýsing um það, eða ekki skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 4. gr., og skal hann þá sæta sektum frá 50 til 1000 kr., og gjaldi auk þess þrefalda þá upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan. Auk þess skal hver sá, er uppvís verður að tollsvikum, sæta hegningu eftir 155. grein almennra hegningarlaga, þegar svo á stendur, sem þar segir. Hafi hinn seki verzlunarleyfi, fyrirgerir hann því við 3. brot, og getur ekki fengið nýtt verzlunarleyfi fyr en eftir 5 ár.